



<b>FUNDARGERÐ</b>			
Efni fundar: Heilsueflandi samfélag, stýrihópur			
Dagsetning: 29.02.2024	Tími: 14:00	Staður Leikskólar – Fundarherbergi	Nr. fundar 1
Fundaritari: Kristín	Viðstaddir: Kristín, Sunna, Nani og Helga Fjarverandi: Ívar og Makis		Útþrentun dags. 1.3.2024
Viðtakendur			

Atriði nr.	Efni	Niðurstaða – Til upplýsingar (T), Til umræðu (U), Ákvörðun (Á)	Ábyrgð
1.	Fengum Aníkó grafíska hönnuðinn okkar til að fara yfir hönnunina á heilsubótargöngunni, strolling with a troll. Glæsilegt handbragð og frábær hönnun. Sýndi okkur QR kóðana sem vonandi verður hægt að setja á bekki sem fyrst.	(T)	
2.	Næstu skref er að Sunna mun undirbúa æfingar við bekkina, Kristín mun hefja textavinnu og Aníkó mun halda áfram að hanna og klára verkefnið. Við munum hafa textann á ensku, pólsku og íslensku.	(Á)	Allir
3.	Rædd voru hugsanlegar staðsetningar á upplýsingarskilti en mikilvægt er að eitt upplýsingarskilti sé til staðar til að kynna verkefnið. Hugmyndir voru líka um að auglýsa verkefnið á hótélum og verslunum til að hvetja íbúa og ferðamenn að nýta sér þessa frábæru gönguleið.	(U)	KÓ
4.	Ákveðið var að óska eftir styrkjum frá sveitarfélaginu að klára þetta verkefni ásamt því að fá aukinn styrk frá Krónunni. Kristín mun hafa samband við Krónuna og óska eftir kynningafund og möguleika á auknu fjármagni. Hugmynd kom líka að fá fyrirtækin í sveitarfélaginu til að styrkja þetta frábæra heilsueflandi verkefni.	(Á)	
5.	Kristín fór yfir fund sem hún átti með embætti landlæknis um heilsueflandi samfélag. Mikil óánægja hefur verið með aðhald og eftirfylgni en breyting verður á því. Vinnustofa HSAM verður haldin á Hvolsvell 14-15 mars næstkomandi og fórum við yfir dagskránna. Kristín mun fræða okkur á næsta fundi hvað kom þar fram. Farið var yfir nýtt efni frá embætti landlæknis, velliðan.	(U)	
6.	Óskað var eftir því að endurskoða opnunartíma sundlaugar til þess að veita öllum jafnan aðgang að sundlauginni. Tók Æskulýðs- og tómstundafulltrúi það til greina og mun ræða það við sveitarstjóra.	(U)	
7.	Fundi slitið 15:15		
8.			

